

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 13/2012

2012/EES/34/13

frá 10. febrúar 2012

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2011 frá 2. desember 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1152/2010 frá 8. desember 2010 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 440/2008 þar sem mælt er fyrir um prófunar- aðferðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) í því skyni að laga hana að tækniframförum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12zza (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 440/2008) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32010 R 1152**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1152/2010 frá 8. desember 2010 (Stjtið. ESB L 324, 9.12.2010, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1152/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽³⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 14, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 324, 9.12.2010, bls. 13.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 22.